

Greinargerð.

Við erfiða vegagerð um fjörðum skornar strendur þessa lands vaknar oft sú spurning, hvort unnt sé að stytta leiðina með því að fara yfir mynni fjarða. Hvergi verður þó þessi spurning áleitnari en við vegagerð á Vestfjörðum. Þar eru firðir fleiri og lengri en annars staðar og víða sundurskildir af háum fjöllum, þannig að ekki verður auðveldlega komið yfir á milli fjarðarbotna. Hins vegar er í mynnum margra þessara fjarða grynning eða þröskuldur, sem rennir stöðum undir þá hugmynd, að vegagerð yfir fjarðarmynni sé könnuð.

Einn af þeim fjörðum, þar sem svo virðist hafa til, að vegagerð kæmi til greina yfir fjarðarmynni, er Þorskafjörður. Þar er að hefjast ný vegagerð fyrir fjörðinn og innfirði hans, Djúpafjörð og Gufufjörð. Sá vegur mun verða um 40 km og kostnaðarsamur. Yfir mynni fjarðarinn munu vera um 2.7 km. Mestur hluti þeirrar vegalengdar er aðeins um 5–6 m á dýpt, en nokkru dýpri áll í miðjunni. Beggja vegna fjarðarinn eru miklar skriður með þrýðilegu efni í uppfyllingu.

Vegagerð yfir fjarðarmynnið hefur verið mjög lauslega áætluð, en þeim áætlunum ber illa saman. Þær lægstu eru um 100 millj. kr., en þær hæstu um 250 millj. kr., enda er kostnaður mjög háður aðstöðu allri, sem hefur ekki verið könnuð eins og skyldi.

Ljóst virðist þó, að kostnaður við veg yfir fjörðinn er allmiklu meiri en við vegagerð fyrir fjörðinn. Hins ber þó að gæta, að vegalengdin mundi stytast um nánast því 40 km, viðhald því stórlega lækka, sömuleiðis kostnaður við að halda veginum opnum að vetrum og loks aksturskostnaður þeirra, sem um veginn fara.

Þýðingarmest er þó að öllum líkindum, að innan við slíkan veg mundi myndast um 35 km² stöðuvatn, mjög ríkt af lifrænum efnum og blandað sjó, a. m. k. næst garðinum. Sjóblöndun mætti jafnframt auka með sérstökum útbúnaði. Telja verður, að þarna fengist hin ákjósanlegasta aðstaða til stórkostlegrar fiskræktar, sem getur orðið almennt ein mikilvægasta atvinnugrein þessa lands, ef rétt er á málum haldið. Við athugun á vegagerð yfir fjarðarmynnið verður að sjálfsögðu að taka slíka möguleika með í reikninginn.

Ein mikilvægasta framkvæmd í vegamálum á Vestfjörðum er lagning hins svokallaða Djúpvegar, sem mun koma Ísafirði og nágrenni í samband við aðra landshluta mestan hluta ársins. Á þeirri leið eru margir djúpir firðir og vegalögn mjög erfið. Nú er verið að leggja veginn fyrir Skötufjörð frá Ögri. Með þeirri takmörkuðu fjárveitingu, sem til þessarar vegagerðar hefur fengið, mun það taka þrjú til fjögur ár að komast að næsta firði, sem er Hestfjörður. Að visu verður að vona, að fjárveiting fái aukin, þannig að þessum vegi verði lokið fyrr en nú horfir. Fyrir Hestfjörðinn eru aðrir u. þ. b. 25 km af mjög erfiðri vegagerð. Yfir mynni þess fjarðar er hins vegar aðeins rúmlega 1 km og grynning allveruleg. Sjálfsagt virðist að nota tímann, á meðan unnið er að vegagerð fyrir Skötufjörð, til þess að athuga, hvort vegur og brú kæmu til greina yfir Hestfjörðinn.

Í þessu sambandi virðist vafalítið, að fiskrækt gæti orðið álitleg í þeim firði, sem yrði fyrir innan slíkan veg. Það þarf að athuga.

Leitað hefur verið eftir styrk til þess að gera alhliða athugun á fiskeldi í og vegagerð yfir Þorskafjörð, m. a. til Atvinnujöfnunarsjóðs. Að því er næst verður komið, telur sjóðsstjórnin hins vegar vafasamt, að það sé verkefni þess sjóðs að kosta athugun á vegagerð. Hins vegar er vart við því að búast, að vegamálastjóri telji athugun á fiskeldi í sínum verkahring. Af þessum ástæðum hefur ekki tekizt að fá nauðsynlegt fjármagn til slíkrar athugunar. Þó er varla um stórar upphæðir að ræða, a. m. k. ekki fyrir þá frumathugun, sem í upphafi yrði gerð. Telja verður, að slíkt mætti gera allvel fyrir 200–300 þús. kr.

Með tilliti til þessara erfiðleika og jafnframt þeirrar staðreyndar, að athugun má ekki dragast, ef úr framkvæmdum á að verða, telja flutningsmenn þessarar þings-

ályktunartillögu eðlilegt, að hæstvirt ríkisstjórn láti málið til sín taka og feli t. d. Rannsóknaráði ríkisins í samráði við Vegagerð ríkisins o. fl. að semja við verkfræðinga, rannsóknastofnanir og sérfræðinga um frunathugun á fiskeldi í umræddum fjörðum í sambandi við áætlun, sem jafnframt verði gerð á vegagerð yfir mynni fjarðanna.